# Kjósarhreppur

# Ársreikningur 2025

Kjósarhreppur
Ásgarði
276 Kjós

Kt. 690169-3129

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 7

Efnahagsreikningur ........ 8

Sjóðstreymisyfirlit ........ 10

Skýringar ........ 11

# Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningurinn Kjósarhrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög; lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald; fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 646 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 509 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,45% en lögbundið hámark þess er 14,97%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,30% en lögbundið hámark þess er 0,50%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hámark þess og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 0,85% en lögbundið hámark þess er 1,65% auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 0,25%

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 141 millj. kr. rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 133 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 605 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 726 millj. kr.

Ársreikningur Kjósarhrepps fyrir árið 2025 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Kjósarhreppi, 8. apríl 2026

Sveitarstjóri:

SVEITARSTJÓRI
KJÓSARHREPPUR

Ársreikningur Kjósarhrepps fyrir árið 2025 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Kjósarhreppi, 6. maí 2026

Sveitarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Kjósarhrepps.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kjósarhrepps fyrir árið 2025 sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka."

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi, rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábygð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sveitarfélagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Kjósarhreppi, 6. maí 2026

***KPMG ehf.***

Friðrik Einarsson

Lilja Dögg Karlsdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur .......... | 4 | 367.126 | 364.802 | 345.783 | 367.007 | 364.666 | 345.655 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ............... | 4 | 51.548 | 39.304 | 28.737 | 51.548 | 39.304 | 28.737 |
| Aðrar tekjur ................................ | 4 | 90.530 | 82.568 | 79.417 | 226.992 | 207.408 | 220.762 |
| | | 509.204 | 486.675 | 453.936 | 645.547 | 611.379 | 595.153 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ........... | 5 | 88.571 | 77.565 | 82.373 | 115.174 | 101.804 | 105.270 |
| Annar rekstrarkostnaður ............. | | 296.900 | 322.234 | 272.068 | 346.415 | 369.095 | 339.157 |
| | | 385.471 | 399.799 | 354.441 | 461.589 | 470.899 | 444.428 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir . | | 123.733 | 86.876 | 99.496 | 183.958 | 140.480 | 150.725 |
| Afskriftir ..................................... | 8 | ( 2.364 ) | ( 2.578 ) | ( 1.969 ) | ( 21.842 ) | ( 24.794 ) | ( 21.029 ) |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda ........... | | 121.368 | 84.298 | 97.527 | 162.116 | 115.685 | 129.697 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ......................... | 6 | 11.363 | ( 158 ) | 4.308 | ( 20.752 ) | ( 34.916 ) | ( 25.799 ) |
| **Rekstrarhagnaður.......................** | 13 | 132.731 | 84.139 | 101.834 | 141.363 | 80.770 | 103.897 |

# Efnahagsreikningur

**Eignir**

| | Skýr. | A hluti 2025 | A hluti 2024 | A og B hluti 2025 | A og B hluti 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir og lóðir ....................................... | 8 | 190.353 | 171.453 | 225.353 | 206.453 |
| Veitur, hafnir og gatnakerfi .......................... | 8 | 0 | 0 | 633.338 | 525.189 |
| | | 190.353 | 171.453 | 858.691 | 731.642 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ....... | 9 | 288.669 | 288.669 | 7.169 | 7.169 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki ................. | 11 | 81.629 | 83.345 | 0 | 0 |
| | | 370.298 | 372.013 | 7.169 | 7.169 |
| Fastafjármunir | | 560.651 | 543.466 | 865.859 | 738.810 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur ..................................... | 12 | 41.213 | 38.069 | 54.132 | 49.951 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki ............. | | ( 928 ) | 8.089 | ( 3.924 ) | 0 |
| Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki ........... | 11 | 4.802 | 4.630 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur ............................. | | 7.209 | 5.027 | 13.386 | 7.571 |
| Handbært fé .................................................. | 3i | 238.646 | 178.928 | 302.780 | 323.464 |
| Veltufjármunir | | 290.942 | 234.744 | 366.374 | 380.986 |
| **Eignir samtals** | | 851.592 | 778.210 | 1.232.233 | 1.119.796 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | A hluti 2025 | A hluti 2024 | A og B hluti 2025 | A og B hluti 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 13 | 726.403 | 593.672 | 604.786 | 463.423 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 29.744 | 75.049 | 470.857 | 489.931 |
| | | 29.744 | 75.049 | 470.857 | 489.931 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | ( 2.757 ) | 0 | ( 3.924 ) | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 29.744 | 33.735 | 78.864 | 77.334 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 68.459 | 75.754 | 81.650 | 89.109 |
| | | 95.446 | 109.489 | 156.590 | 166.443 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 125.190 | 184.538 | 627.447 | 656.374 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 851.592 | 778.210 | 1.232.233 | 1.119.796 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

| | Skýr. | A hluti Ársreikningur 2025 | A hluti Áætlun 2025 með viðaukum | A hluti Ársreikningur 2024 | A og B hluti Ársreikningur 2025 | A og B hluti Áætlun 2025 með viðaukum | A og B hluti Ársreikningur 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarhagnaður........................................ | 13 | 132.731 | 84.139 | 101.834 | 141.363 | 80.770 | 103.897 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir ................................................. | 8 | 2.364 | 2.578 | 1.969 | 21.842 | 24.794 | 21.029 |
| Verðbætur ............................................ | | ( 371 ) | 608 | 4.055 | 19.204 | 21.888 | 25.254 |
| Veltufé frá rekstri | | 134.724 | 87.325 | 107.857 | 182.410 | 127.452 | 150.180 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur, breyting .................. | | ( 3.145 ) | 0 | ( 12.846 ) | ( 4.181 ) | 0 | ( 14.458 ) |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting ........... | | ( 2.181 ) | 0 | ( 55 ) | ( 5.815 ) | 0 | ( 834 ) |
| Skammtímaskuldir, breyting ................... | | ( 7.295 ) | 0 | 19.735 | ( 7.459 ) | 0 | 20.317 |
| Samtals | | ( 12.621 ) | 0 | 6.834 | ( 17.455 ) | 0 | 5.025 |
| Handbært fé frá rekstri | | 122.103 | 87.325 | 114.691 | 164.956 | 127.452 | 155.206 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum .................. | 8 | ( 21.265 ) | ( 21.700 ) | ( 8.498 ) | (148.892 ) | (147.604 ) | ( 20.033 ) |
| Eignarhlutir í félögum, breyting .................. | | 0 | 0 | (113.000 ) | 0 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.... | | 4.825 | 4.915 | ( 86.374 ) | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 16.440 ) | ( 16.785 ) | (207.872 ) | (148.892 ) | (147.604 ) | ( 20.033 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting .............. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 14.000 | 0 |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting ...... | | 6.260 | 0 | 146.546 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán .................................. | 14 | 0 | 0 | 0 | 60.000 | 60.000 | 70.000 |
| Afborganir langtímalána ............................. | 14 | ( 52.206 ) | ( 58.729 ) | ( 19.214 ) | ( 96.748 ) | (105.439 ) | ( 59.703 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 45.946 ) | ( 58.729 ) | 127.332 | ( 36.748 ) | ( 31.439 ) | 10.297 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé ....................** | | 59.718 | 11.811 | 34.151 | ( 20.684 ) | ( 51.593 ) | 145.470 |
| **Handbært fé í ársbyrjun............................** | | 178.928 | 157.240 | 144.777 | 323.464 | 292.018 | 177.994 |
| **Handbært fé í árslok..................................** | | 238.646 | 169.051 | 178.928 | 302.780 | 240.425 | 323.464 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Kjósarhreppur er sveitarfélag á Suðurvesturlandi og var fjöldi íbúa þess 319 þann 1. janúar 2026. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Ásgarði í Kjós.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Kjósarhrepps fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisyfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans er Eignasjóður. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Leiðarljós ehf. og Kjósarveitur ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga, samstarfsverkefna og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................................ | 20-40 ár |
| Veitur og gatnakerfi........................................ | 13-40 ár |

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

### g. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð að því marki sem talið er að það nýtist.

### h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### j. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### k. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með

viðaukum í skýringu 18.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 |
| **Útsvar og fasteignaskattar:** | | | | | | |
| Útsvar ....................................... | 269.894 | 269.026 | 260.597 | 269.894 | 269.026 | 260.597 |
| Fasteignaskattur ........................ | 97.232 | 95.776 | 85.186 | 97.113 | 95.640 | 85.058 |
| | 367.126 | 364.802 | 345.783 | 367.007 | 364.666 | 345.655 |
| **Framlög Jöfnunarsjóðs:** | | | | | | |
| Fasteignaskattsframlag ............. | 32.828 | 27.807 | 26.816 | 32.828 | 27.807 | 26.816 |
| Vegna málefna fatlaðs fólks........ | 1.295 | 1.608 | 1.321 | 1.295 | 1.608 | 1.321 |
| Önnur framlög........................... | 17.425 | 9.890 | 599 | 17.425 | 9.890 | 599 |
| | 51.548 | 39.304 | 28.737 | 51.548 | 39.304 | 28.737 |
| Skatttekjur samtals.................... | 418.674 | 404.106 | 374.520 | 418.555 | 403.970 | 374.392 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | | | |
| Aðrar tekjur................................ | 90.530 | 82.568 | 79.417 | 226.992 | 207.408 | 220.762 |
| Rekstrartekjur samtals .............. | 509.204 | 486.675 | 453.936 | 645.547 | 611.379 | 595.153 |

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 |
| Laun ......................................... | 72.399 | 77.340 | 67.501 | 92.751 | 95.193 | 86.941 |
| Launatengd gjöld ...................... | 15.586 | 225 | 14.728 | 20.026 | 4.917 | 18.027 |
| Áfallinn launakostnaður, br......... | 587 | 0 | 144 | 2.398 | 1.694 | 303 |
| Laun og launatengd gjöld samtals .... | 88.571 | 77.565 | 82.373 | 115.174 | 101.804 | 105.270 |

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna í árslok.......................................................................................... | 7 | 7 |
| Fjöldi stöðugilda í árslok.............................................................................................. | 6 | 6 |
| Ársverk.......................................................................................................................... | 6 | 5 |
| Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar................................................. | 35.974 | 34.252 |

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 |
| Vaxtatekjur og verðbætur .......... | 9.891 | ( 10 ) | 9.298 | 15.195 | 2.000 | 16.266 |
| Arður af eignarhlutum................ | 994 | 0 | 972 | 994 | 0 | 972 |
| Vaxtagjöld og verðbætur............. | ( 6.048 ) | ( 7.113 ) | ( 10.219 ) | ( 36.941 ) | ( 36.917 ) | ( 43.037 ) |
| Vextir frá eigin fyrirtækjum ........ | 6.526 | 6.965 | 4.257 | 0 | 0 | 0 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals......... | 11.363 | ( 158 ) | 4.308 | ( 20.752 ) | ( 34.916 ) | ( 25.799 ) |

**7. Heildaryfirlit um rekstur**

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

| | Ársreikningur 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Ársreikningur 2024 |
|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður:** | | | |
| Skatttekjur | 420.282 | 405.465 | 376.063 |
| Félagsþjónusta | ( 37.840 ) | ( 35.635 ) | ( 34.858 ) |
| Heilbrigðismál | ( 367 ) | ( 340 ) | ( 335 ) |
| Fræðslu- og uppeldismál | ( 136.386 ) | ( 132.768 ) | ( 100.415 ) |
| Menningarmál | ( 4.266 ) | ( 6.152 ) | ( 3.829 ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | ( 2.655 ) | ( 4.154 ) | ( 3.156 ) |
| Brunamál og almannavarnir | ( 2.643 ) | ( 2.875 ) | ( 2.278 ) |
| Hreinlætismál | 10.045 | 881 | ( 2.007 ) |
| Skipulags- og byggingarmál | ( 24.875 ) | ( 31.816 ) | ( 32.955 ) |
| Umferðar- og samgöngumál | ( 14.917 ) | ( 18.203 ) | ( 13.542 ) |
| Umhverfismál | ( 2.970 ) | ( 4.137 ) | ( 2.543 ) |
| Atvinnumál | ( 583 ) | ( 7.889 ) | 1.044 |
| Sameiginlegur kostnaður | ( 81.929 ) | ( 78.191 ) | ( 77.607 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 19.869 | 13.245 | 10.839 |
| Aðalsjóður samtals | 140.766 | 97.431 | 114.419 |
| **A hluta stofnanir:** | | | |
| Eignasjóður | ( 8.035 ) | ( 13.291 ) | ( 12.585 ) |
| A hluti samtals | 132.731 | 84.139 | 101.834 |
| **B hluta fyrirtæki:** | | | |
| Leiðarljós ehf. | 2.679 | ( 4.662 ) | 1.836 |
| Kjósarveitur ehf. | 5.953 | 1.291 | 227 |
| A og B hluti | 141.363 | 80.769 | 103.897 |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Veitur og gatnakerfi | Samtals |
|---|---|---|---|
| **A hluti:** | | | |
| Heildarverð 1.1.2025 | 336.722 | 0 | 336.722 |
| Keypt á árinu | 21.265 | 0 | 21.265 |
| Heildarverð 31.12.2025 | 357.987 | 0 | 357.987 |
| Afskrifað 1.1.2025 | 165.270 | 0 | 165.270 |
| Afskrifað á árinu | 2.364 | 0 | 2.364 |
| Afskrifað samtals 31.12.2025 | 167.634 | 0 | 167.634 |
| Bókfært verð 1.1.2025 | 171.453 | 0 | 171.453 |
| Bókfært verð 31.12.2025 | 190.353 | 0 | 190.353 |
| Afskriftarhlutföll | 0-5% | | |

| | Fasteignir og lóðir | Veitur og gatnakerfi | Samtals |
|---|---|---|---|
| **A og B hluti:** | | | |
| Heildarverð 1.1.2025 | 371.722 | 638.752 | 1.010.474 |
| Keypt á árinu | 21.265 | 127.627 | 148.892 |
| Heildarverð 31.12.2025 | 392.987 | 766.379 | 1.159.366 |
| Afskrifað 1.1.2025 | 165.270 | 113.563 | 278.832 |
| Afskrifað á árinu | 2.364 | 19.478 | 21.842 |
| Afskrifað samtals 31.12.2025 | 167.634 | 133.041 | 300.675 |
| Bókfært verð 1.1.2025 | 206.453 | 525.189 | 731.642 |
| Bókfært verð 31.12.2025 | 225.353 | 633.338 | 858.691 |
| Afskriftarhlutföll | 0-5% | 2,5-8% | |

### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

| | Fjárfesting 2025 | Áætlun 2025 með viðaukum | Mismunur við áætlun |
|---|---|---|---|
| **A hluti:** | | | |
| ***Fasteignir og önnur mannvirki*** | | | |
| Félagsgarður | 7.652 | 7.500 | 152 |
| Ásgarður leikvöllur | 5.051 | 3.100 | 1.951 |
| Gámaplan | 8.562 | 11.100 | ( 2.538 ) |
| A hluti samtals | 21.265 | 21.700 | ( 435 ) |
| **B hluti:** | | | |
| Leiðarljós ehf. | 2.411 | 3.000 | ( 589 ) |
| Kjósarveitur ehf. | 125.216 | 122.904 | 2.312 |
| B hluti samtals | 127.627 | 125.904 | 1.723 |
| Samtals A og B hluti | 148.892 | 147.604 | 1.288 |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

### c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og vátryggingaverðmæti rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2025:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Brunabótamat fasteigna | 437.275 | 527.965 |
| Fasteignamat | 212.671 | 241.247 |
| Vátryggingaverðmæti lausafjármuna | 49.350 | 86.100 |

## 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|---|
| | A hluti | A og B hluti | A hluti | A og B hluti |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 0,08% | 0,08% | 7.169 | 7.169 |
| Kjósarveitur ehf. | 100,00% | 100,00% | 168.000 | 0 |
| Leiðarljós ehf. | 100,00% | 100,00% | 113.500 | 0 |
| Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals | | | 288.669 | 7.169 |

## 10. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign skattskyldra eininga í A og B hluta greinist þannig:

Kjósarveitur ehf. og Leiðarljós ehf. eru í B hluta í ársreikningi sveitarfélagsins. Kjósarveitur er skattskyldar samkvæmt lögum um orkufyrirtæki nr. 50/2005. Tekjuskattur er reiknaður miðað við skatthlutfall samkvæmt gildandi lögum á uppgjörsdegi, nú 37,6% vegna hitaveitu og 20% vegna ljósleiðara.

| Tekjuskattseign sveitarfélagsins skiptist þannig í árslok: | A og B hluti |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | ( 126.299 ) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 167.894 |
| Niðurfærsla skatteignar | ( 41.596 ) |
| | ( 0 ) |

## 11. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta á árinu greinist þannig:

| | A hluti |
|---|---|
| Staða langtímakrafna í ársbyrjun | 87.975 |
| Afborgun langtímakrafna á árinu | ( 4.825 ) |
| Verðbætur | 3.281 |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 86.431 |
| Næsta árs afborganir | ( 4.802 ) |
| | 81.629 |

Afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki B hluta greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2026 | 4.802 |
| Árið 2027 | 4.802 |
| Árið 2028 | 4.802 |
| Árið 2029 | 4.802 |
| Árið 2030 | 4.802 |
| Afborgun síðar | 62.422 |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 86.431 |

Reiknaðir eru 3,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

## 12. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Óinnheimtar skatttekjur, heild | 31.957 | 31.957 |
| Niðurfærsla óinnheimtra skattekna | ( 8.976 ) | ( 8.976 ) |
| Óinnheimtar skatttekjur að frádreginni niðurfærslu | 22.982 | 22.982 |
| | | |
| Óinnheimtar aðrar tekjur, heild | 18.916 | 31.836 |
| Niðurfærsla óinnheimtra annarra tekna | ( 685 ) | ( 685 ) |
| Óinnheimtar aðrar tekjur að frádreginni niðurfærslu | 18.232 | 31.151 |
| | | |
| Óinnheimtar tekjur í árslok | 41.213 | 54.132 |

Niðurfærsla óinnheimtra tekna greinist þannig:

| | A hluti | | | B hluti | A og B hluti |
|---|---|---|---|---|---|
| | Skatttekjur | Aðrar tekjur | Samtals | Aðrar tekjur | Samtals |
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 4.760 | 685 | 5.445 | 0 | 5.445 |
| Niðurfærsla, breyting á árinu | 4.216 | 0 | 4.216 | 0 | 4.216 |
| Niðurfærsla í árslok | 8.976 | 685 | 9.661 | 0 | 9.661 |

## 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2025 | 593.672 | 463.423 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 132.731 | 141.363 |
| Eigið fé 31.12.2025 | 726.403 | 604.786 |

## 14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting skulda við lánastofnanir á árinu greinist þannig:

| | Verðtryggð lán |
|---|---|
| **A hluti:** | |
| Skuldir við lánastofnanir í ársbyrjun | 108.784 |
| Afborganir af lánum | ( 52.206 ) |
| Verðbætur og gengismunur | 2.910 |
| | 59.488 |
| Næsta árs afborgun | ( 29.744 ) |
| Langtímaskuldir í árslok | 29.744 |
| **A og B hluti:** | |
| Skuldir við lánastofnanir í ársbyrjun | 567.264 |
| Ný lán | 60.000 |
| Afborganir af lánum | ( 96.748 ) |
| Verðbætur og gengismunur | 19.204 |
| | 549.721 |
| Næsta árs afborgun | ( 78.864 ) |
| Langtímaskuldir í árslok | 470.857 |

## 14. Skuldir við lánastofnanir, frh.:

Afborganir af skuldum við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2026 | 29.744 | 78.864 |
| Árið 2027 | 29.744 | 79.847 |
| Árið 2028 | 0 | 51.115 |
| Árið 2029 | 0 | 52.158 |
| Árið 2030 | 0 | 53.233 |
| Síðar | 0 | 234.505 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 59.488 | 549.721 |

### Veðsetningar

Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum og framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 549,7 millj. kr. í árslok 2025.

## 15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| A-hluti | 100% | 851.592 | 125.190 | 726.403 |
| Leiðarljós ehf | 100% | 104.894 | 4.184 | 100.710 |
| Kjósarveitur ehf | 100% | 647.842 | 588.668 | 59.173 |
| Millifærslur, innbyrðis staða | | ( 372.094 ) | ( 90.594 ) | ( 281.500 ) |
| Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok | | 1.232.233 | 627.447 | 604.786 |

## 16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 17. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A hluta á verðlagi hvers árs.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2025 | 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:** | | | | | | |
| Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður............. | 265.669 | 314.261 | 172.836 | 69.690 | 32.747 | 83.227 |
| Skuldaviðmið........................................... | - | - | - | - | - | - |
| | | | | | | |
| **Ýmsar lykiltölur** | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.............. | 17,9 % | 24,3 % | 21,9 % | 22,3 % | 0,8 % | 0,5 % |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .................. | 17,3 % | 26,1 % | 22,4 % | 20,0 % | ( 2,8% ) | ( 0,5% ) |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .................. | 17,9 % | 26,5 % | 23,8 % | 22,8 % | 1,3 % | 1,0 % |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj............ | 4,5 % | 4,2 % | 1,9 % | 0,0 % | 23,6 % | 0,0 % |
| Skuldahlutfall............................................ | 23 % | 25 % | 41 % | 45 % | 56 % | 58 % |
| | | | | | | |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum ............. | 0,29 | 0,22 | 0,70 | 1,14 | 29,50 | 35,60 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga......... | 1,49 | 2,58 | 5,61 | 19,44 | 0,89 | 0,69 |
| Veltufjárhlutfall ....................................... | 2,66 | 3,05 | 2,14 | 4,42 | 4,17 | 3,24 |
| Eiginfjárhlutfall ........................................ | 85,9 % | 85,3 % | 76,3 % | 73,4 % | 70,7 % | 71,6 % |
| | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Útsvar ..................................................... | 55,3 % | 53,0 % | 57,4 % | 59,1 % | 62,6 % | 59,5 % |
| Fasteignaskattur ...................................... | 19,7 % | 19,1 % | 18,8 % | 18,6 % | 20,9 % | 19,8 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs............................. | 8,1 % | 10,1 % | 6,3 % | 8,2 % | 4,1 % | 6,4 % |
| Skatttekjur samtals.................................. | 83,0 % | 82,2 % | 82,5 % | 85,9 % | 87,5 % | 85,7 % |
| Aðrar tekjur ............................................. | 17,0 % | 17,8 % | 17,5 % | 14,1 % | 12,5 % | 14,3 % |
| Rekstrartekjur samtals ............................. | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ........................ | ( 15,9% ) | ( 17,4% ) | ( 18,1% ) | ( 18,2% ) | ( 22,1% ) | ( 23,0% ) |
| Annar rekstrarkostnaður .......................... | ( 66,2% ) | ( 58,3% ) | ( 59,9% ) | ( 59,5% ) | ( 77,2% ) | ( 76,5% ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.............. | 17,9 % | 24,3 % | 21,9 % | 22,3 % | 0,8 % | 0,5 % |
| Afskriftir .................................................. | ( 0,5% ) | ( 0,5% ) | ( 0,4% ) | ( 0,5% ) | ( 0,6% ) | ( 0,7% ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ........... | ( 0,0% ) | 2,2 % | 0,9 % | ( 1,8% ) | ( 3,0% ) | ( 0,3% ) |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .................. | 17,3 % | 26,1 % | 22,4 % | 20,0 % | ( 2,8% ) | ( 0,5% ) |

**17. Lykiltölur, frh.:**

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2025 | 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 |
| **Í þúsundum krónum á íbúa:** | | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.267 | 1.312 | 1.244 | 1.275 | 973 | 1.055 |
| Aðrar tekjur | 259 | 284 | 264 | 209 | 139 | 176 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 243 ) | ( 278 ) | ( 274 ) | ( 270 ) | ( 245 ) | ( 284 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 1.010 ) | ( 931 ) | ( 904 ) | ( 884 ) | ( 858 ) | ( 941 ) |
| Afskriftir | ( 8 ) | ( 7 ) | ( 7 ) | ( 7 ) | ( 7 ) | ( 8 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 0 ) | 36 | 14 | ( 27 ) | ( 33 ) | ( 3 ) |
| Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) | 264 | 416 | 338 | 296 | ( 32 ) | ( 6 ) |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 2.479 | 2.670 | 2.585 | 2.491 | 2.119 | 2.502 |
| Eigið fé | 2.129 | 2.277 | 1.972 | 1.828 | 1.499 | 1.791 |
| Skuldir og skuldbindingar | 350 | 392 | 613 | 663 | 620 | 712 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 274 | 422 | 358 | 338 | 14 | 13 |
| Handbært fé frá rekstri | 274 | 383 | 381 | 351 | 211 | ( 250 ) |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | ( 68 ) | ( 67 ) | ( 28 ) | 0 | ( 262 ) | 0 |
| **Íbúafjöldi:** | | | | | | |
| Íbúafjöldi sveitarfélagsins 1. jan. * | 319 | 319 | 301 | 269 | 275 | 235 |

* Íbúafjöldi miðast nú við 1. janúar næsta árs, sem er breyting frá áður birtum ársreikningum fyrir árin 2019 til 2022. Lykiltölum sem reiknaðar eru sem hlutfall á íbúa er breytt til samræmis.

**17. Lykiltölur, frh.:**

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta á verðlagi hvers árs.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2025 | 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:** | | | | | | |
| Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður | 234.433 | 295.026 | 133.763 | 28.267 | 8.239 | 52.923 |
| Skuldaviðmið | 54% | 40% | 46% | 75% | 104% | 92% |
| **Ýmsar lykiltölur** | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 23,0 % | 28,5 % | 25,3 % | 23,9 % | 13,1 % | 12,5 % |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) | 13,2 % | 21,9 % | 17,5 % | 9,8 % | ( 4,7% ) | ( 0,4% ) |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | 20,8 % | 28,3 % | 25,2 % | 22,1 % | 11,4 % | 10,9 % |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj | 24,1 % | 23,1 % | 3,4 % | 1,7 % | 21,1 % | 0,0 % |
| Skuldahlutfall | 94 % | 97 % | 110 % | 119 % | 139 % | 156 % |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum | 3,25 | 2,58 | 3,26 | 4,26 | 10,09 | 11,45 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga | 1,21 | 1,89 | 2,52 | 2,75 | 1,32 | 1,09 |
| Veltufjárhlutfall | 1,55 | 2,34 | 2,29 | 1,76 | 1,46 | 2,08 |
| Eiginfjárhlutfall | 48,1 % | 49,1 % | 41,4 % | 37,4 % | 34,4 % | 35,4 % |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Útsvar | 44,0 % | 41,8 % | 43,8 % | 46,7 % | 45,1 % | 44,7 % |
| Fasteignaskattur | 15,6 % | 15,0 % | 14,3 % | 14,7 % | 15,0 % | 14,9 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 6,4 % | 8,0 % | 4,8 % | 6,5 % | 3,0 % | 4,8 % |
| Skatttekjur samtals | 66,1 % | 64,8 % | 62,9 % | 67,8 % | 63,1 % | 64,4 % |
| Aðrar tekjur | 33,9 % | 35,2 % | 37,1 % | 32,2 % | 36,9 % | 35,6 % |
| Rekstrartekjur samtals | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | ( 16,7% ) | ( 17,8% ) | ( 17,7% ) | ( 19,5% ) | ( 20,2% ) | ( 19,6% ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 60,4% ) | ( 53,7% ) | ( 57,0% ) | ( 56,6% ) | ( 66,7% ) | ( 67,9% ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 23,0 % | 28,5 % | 25,3 % | 23,9 % | 13,1 % | 12,5 % |
| Afskriftir | ( 4,1% ) | ( 3,4% ) | ( 3,5% ) | ( 4,1% ) | ( 5,0% ) | ( 5,3% ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 5,7% ) | ( 3,2% ) | ( 4,3% ) | ( 10,0% ) | ( 12,9% ) | ( 7,6% ) |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) | 13,2 % | 21,9 % | 17,5 % | 9,8 % | ( 4,7% ) | ( 0,4% ) |

**17. Lykiltölur, frh.:**

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

| Í þúsundum krónum á íbúa: | Áætlun 2025 | Ársreikningar 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.266 | 1.312 | 1.244 | 1.275 | 973 | 1.055 |
| Aðrar tekjur | 650 | 712 | 733 | 605 | 569 | 584 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 319 ) | ( 361 ) | ( 350 ) | ( 367 ) | ( 311 ) | ( 321 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 1.157 ) | ( 1.086 ) | ( 1.127 ) | ( 1.064 ) | ( 1.028 ) | ( 1.112 ) |
| Afskriftir | ( 78 ) | ( 68 ) | ( 70 ) | ( 77 ) | ( 77 ) | ( 87 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 109 ) | ( 65 ) | ( 86 ) | ( 187 ) | ( 198 ) | ( 125 ) |
| Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) | 253 | 443 | 345 | 185 | ( 72 ) | ( 7 ) |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 3.476 | 3.863 | 3.720 | 3.569 | 3.274 | 3.961 |
| Eigið fé | 1.673 | 1.896 | 1.540 | 1.337 | 1.126 | 1.403 |
| Skuldir og skuldbindingar | 1.803 | 1.967 | 2.181 | 2.232 | 2.148 | 2.558 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 400 | 572 | 499 | 415 | 176 | 179 |
| Handbært fé frá rekstri | 400 | 517 | 516 | 527 | 243 | ( 94 ) |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | ( 463 ) | ( 467 ) | ( 67 ) | ( 33 ) | ( 326 ) | 0 |
| **Íbúafjöldi:** | | | | | | |
| Íbúafjöldi sveitarfélagsins 1. jan. * | 319 | 319 | 301 | 269 | 275 | 235 |

* Íbúafjöldi miðast nú við 1. janúar næsta árs, sem er breyting frá áður birtum ársreikningum fyrir árin 2019 til 2022. Lykiltölum sem reiknaðar eru sem hlutfall á íbúa er breytt til samræmis.

**17. Lykiltölur, frh.:**

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

| | 2025 | % | 2024 | % | 2023 | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 420.282 | 100,0% | 376.063 | 100,0% | 344.449 | 100,0% |
| Félagsþjónusta | ( 37.840 ) | ( 9,0% ) | ( 34.858 ) | ( 9,3% ) | ( 31.494 ) | ( 9,1% ) |
| Heilbrigðismál | ( 367 ) | ( 0,1% ) | ( 335 ) | ( 0,1% ) | ( 212 ) | ( 0,1% ) |
| Fræðslu- og uppeldismál | ( 136.386 ) | ( 32,5% ) | ( 100.415 ) | ( 26,7% ) | ( 86.469 ) | ( 25,1% ) |
| Menningarmál | ( 4.266 ) | ( 1,0% ) | ( 3.829 ) | ( 1,0% ) | ( 2.923 ) | ( 0,8% ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | ( 2.655 ) | ( 0,6% ) | ( 3.156 ) | ( 0,8% ) | ( 2.487 ) | ( 0,7% ) |
| Brunamál og almannavarnir | ( 2.643 ) | ( 0,6% ) | ( 2.278 ) | ( 0,6% ) | ( 2.641 ) | ( 0,8% ) |
| Hreinlætismál | 10.045 | 2,4% | ( 2.007 ) | ( 0,5% ) | ( 13.623 ) | ( 4,0% ) |
| Skipulags- og byggingarmál | ( 24.875 ) | ( 5,9% ) | ( 32.955 ) | ( 8,8% ) | ( 16.714 ) | ( 4,9% ) |
| Umferðar- og samgöngumál | ( 14.917 ) | ( 3,5% ) | ( 13.542 ) | ( 3,6% ) | ( 5.732 ) | ( 1,7% ) |
| Umhverfismál | ( 2.970 ) | ( 0,7% ) | ( 2.543 ) | ( 0,7% ) | ( 3.207 ) | ( 0,9% ) |
| Atvinnumál | ( 583 ) | ( 0,1% ) | 1.044 | 0,3% | ( 5.885 ) | ( 1,7% ) |
| Sameiginlegur kostnaður | ( 81.929 ) | ( 19,5% ) | ( 77.607 ) | ( 20,6% ) | ( 83.910 ) | ( 24,4% ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 19.869 | 4,7% | 10.839 | 2,9% | ( 391 ) | ( 0,1% ) |
| Aðalsjóður samtals | 140.766 | 33,5% | 114.419 | 30,4% | 88.760 | 25,8% |
| **Aðrir sjóðir í A hluta:** | | | | | | |
| Eignasjóður | ( 8.035 ) | ( 1,9% ) | ( 12.585 ) | ( 3,3% ) | ( 9.064 ) | ( 2,6% ) |
| A hluti samtals | 132.731 | 31,6 % | 101.834 | 27,1 % | 79.695 | 23,1 % |

## 18. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2025 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Áætlun 2025 upphafleg** | **Viðaukar við áætlun** | **Áætlun 2025 með viðaukum** | **Áætlun 2025 upphafleg** | **Viðaukar við áætlun** | **Áætlun 2025 með viðaukum** |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur .......... | 352.802 | 12.000 | 364.802 | 352.666 | 12.000 | 364.666 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ............... | 39.304 | 0 | 39.304 | 39.304 | 0 | 39.304 |
| Aðrar tekjur ................................ | 76.568 | 6.000 | 82.568 | 201.408 | 6.000 | 207.408 |
| | 468.674 | 18.000 | 486.675 | 593.378 | 18.000 | 611.379 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............ | 70.865 | 6.700 | 77.565 | 95.104 | 6.700 | 101.804 |
| Annar rekstrarkostnaður ............. | 292.346 | 29.888 | 322.234 | 339.207 | 29.888 | 369.095 |
| | 363.211 | 36.588 | 399.799 | 434.311 | 36.588 | 470.899 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir . | 105.463 | ( 18.588 ) | 86.876 | 159.067 | ( 18.588 ) | 140.480 |
| Afskriftir ..................................... | ( 2.578 ) | 0 | ( 2.578 ) | ( 24.794 ) | 0 | ( 24.794 ) |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda ......... | 102.885 | ( 18.588 ) | 84.298 | 134.273 | ( 18.588 ) | 115.686 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ....................... | ( 158 ) | 0 | ( 158 ) | ( 34.916 ) | 0 | ( 34.916 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** .................... | 102.727 | ( 18.589 ) | 84.139 | 99.358 | ( 18.588 ) | 80.770 |

## 18. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2025 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Áætlun 2025 upphafleg** | **Viðaukar við áætlun** | **Áætlun 2025 með viðaukum** | **Áætlun 2025 upphafleg** | **Viðaukar við áætlun** | **Áætlun 2025 með viðaukum** |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarhagnaður (tap)................... | 102.727 | ( 18.588 ) | 84.139 | 99.358 | ( 18.588 ) | 80.770 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Afskriftir ..................................... | 2.578 | 0 | 2.578 | 24.794 | 0 | 24.794 |
| Verðbætur og gengismunur ........ | 609 | ( 1 ) | 608 | 21.888 | 0 | 21.888 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | 105.914 | ( 18.589 ) | 87.325 | 146.040 | ( 18.588 ) | 127.452 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | |
| | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé frá rekstri | 105.914 | ( 18.589 ) | 87.325 | 146.040 | ( 18.588 ) | 127.452 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrar- fjármunum ............................... | ( 15.000 ) | ( 6.700 ) | ( 21.700 ) | ( 140.904 ) | ( 6.700 ) | ( 147.604 ) |
| Eignarhlutir í félögum, breyting..... | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.................................... | 4.915 | 0 | 4.915 | 0 | 0 | 0 |
| | ( 10.085 ) | ( 6.700 ) | ( 16.785 ) | ( 140.904 ) | ( 6.700 ) | ( 147.604 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir breyting.. | 0 | 0 | 0 | 14.000 | 0 | 14.000 |
| Afborganir langtímalána ............... | ( 58.729 ) | 0 | ( 58.729 ) | ( 105.439 ) | 0 | ( 105.439 ) |
| Tekin ný langtímalán..................... | 0 | 0 | 0 | 0 | 60.000 | 60.000 |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.................................... | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | ( 58.729 ) | 0 | ( 58.729 ) | ( 91.439 ) | 60.000 | ( 31.439 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru f** | 37.100 | ( 25.289 ) | 11.811 | ( 86.305 ) | 34.712 | ( 51.593 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun............** | 157.240 | 0 | 157.240 | 292.018 | 0 | 292.018 |
| **Handbært fé í árslok..................** | 194.340 | ( 25.289 ) | 169.051 | 205.713 | 34.712 | 240.425 |